

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Vopnafirði



|                            |                   |                         |                        |            |
|----------------------------|-------------------|-------------------------|------------------------|------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 12.8.2014         | <b>Fulltrúi UST</b>     | Gottskálk Friðgeirsson |            |
| <b>Fyrirtæki</b>           | Olíudreifing      | <b>Fulltrúi UST</b>     |                        |            |
| <b>Heimili</b>             | Hólmaslóð 8 - 10  | <b>Tegund eftirlits</b> | Reglubundið            |            |
| <b>Kennitala</b>           | 6606952069        | <b>Flokkur</b>          | Olía                   |            |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Gestur Guðjónsson | <b>ÍSAT nr.</b>         | 63.40                  |            |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Hreiðar Geirsson  | <b>Staðsetning</b>      | 691175,044             | 590358,894 |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust engin frávik frá kröfum í starfsleyfi og ekki var gerð athugasemd við stöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Vopnafirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Rekstrarhandbók var ágætlega færð.

Mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilju voru framkvæmdar með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu.

Fimm geymar eru í stöðinni. Þrjú geymar voru botnþykktarmældir á yfirstandandi ári og stóðust tveir mælingar og voru samþykktir til áframhaldandi notkunar en geymir# T0059 var kominn niður fyrir tilskilda 3 mm í þykkt og hefur verið tekinn úr notkun.

Lagnir skal þrýstiprófa á fimm ára fresti og á árinu skal þrýstiprófa verskmiðjulögnina, nr. 690.74.00.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Olíuskilja var síðast þjónustuð 14. maí sl. Loki í mengunarvarnarþró stóð lokaður eins og tilskilið er.

Girðingar og hlið voru í lagi.

## ATHUGASEMDIR

Ekki var gerð athugasemd við stöðina.

Reykjavík, 12.08.2014

Gottskálk Friðgeirsson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.